



Áveitan

1. tbl. 14. árgangur. Janúar 2020

Prettándagleði



Föstudaginn 10. janúar verður þrettándagleði í Félagslundi.

Hún verður með hinu gamla og góða sniði, bingó, brenna og flugeldar.

Húsið opnar 19:30 og byrjar bingóið stundvíslega kl. 20:00. Eitt spjald er á 500 kr og tvö á 1000 kr. Vonumst til að sjá sem flesta!

Ungmennaráð Flóahrepps

Héraðsmót í frjálsum

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára, unglíngamót HSK 15-17 ára og Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum innanhúss 2020 munu fara fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 12. janúar.

Aldursflokkamótið hefst kl 10:00 en hin mótin kl 13:00. Stefnt er á góða þátttöku frá Þjótanda, og ef næg þátttaka fæst verður farið með rútu líkt og undanfarin ár.

Þeir sem mæta á æfingar hjá Örvari geta skráð sig hjá honum en fyrir aðra er best að hafa samband við Guðmundu í síma 846-9775 eða á guðmunda89@gmail.com. Skráningarfrestur rennur út á miðnætti fimmtudaginn 9. janúar.

Þess má geta að Þjótandi sigraði stigakeppni Héraðsmóts fullorðinna á síðasta ári svo nú höfum við titil að verja!

Fjölmennum á héraðsmót!

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Gleðilegt nýtt ár kæru íbúar og aðrir lesendur.

Nýtt ár 2020 heilsar okkur með umhleyplingum í veðrinu svo færð á vegum er misjöfn. Mikilvægt er að fara varlega og taka mið af aðstæðum hverju sinni. Við fylgjumst með aðstæðum eins og verið hefur og minnum reglulega á okkur og köllum eftir aukinni þjónustu ef það er mögulegt að veita hana. Verkefni á skrifstofu Flóahrepps taka mið af árstíðum eins og svo oft áður. Nú er unnið að endurskoðun á bókhaldi og ársreikningur ársins 2019 lítur dagsins ljós með vorinu.

Flóahreppur undirbýr einnig úttekt á gögnum til jafnlaunavottunar og er stefnt að því að ljúka við þá vinnu í lok mars.

Vinna við innleiðingu á Heimsmarkmiðum mun hefjast nú í janúar. Boðað verður til funda með nefndum sveitarfélagsins, íbúum og atvinnurekendum í tengslum við verkefnið. Þessir fundir verða boðaðir jafnóðum eftir því sem verkið vinnst áfram. Í heild er gert ráð fyrir 8 vikum til greiningar, gagnaöflunar og markmiðssetningar varðandi sjálfbæra þróun.

Vinna við álagningu fasteignagjalda hefst í febrúar en fyrsti gjalddagi þeirra er 1. mars.

Gjaldskrár hafa verið uppfærðar og birtar á heimasíðu. Sú meginregla var höfð að leiðarljósi að taka tillit til lífskjarasamningsins við ákvörðun um gjaldskrárbreytingar og hækka þær ekki meira en 2,5 %. Það hefur tekist nema hvað varðar sorphirðu- og sorpeyðingargjöld sem hækka um 10 % milli ára. Undantekning er gjaldið fyrir 240 l grátunnu sem hækkar aðeins um 2,5 % milli ára.

Við hvetjum enn sem áður íbúa og gesti til þess að vanda alla flokkun og í flestum tilfellum á 240 l grátunna að duga öllum heimilum ef rétt er flokkað. Það er því mögulega tækifæri hjá einhverjum að minnka gráa ílátið og spara sér þannig einhverjar krónur. **Bið ykkur að hafa samband við skrifstofu**

Flóahrepps sími 480 4370 ef óskað er eftir breytingum á stærð sorpílata fyrir árið 2020.

Sveitarstjóri Flóahrepps

**Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:
Gaman saman samvera verður hjá Fanneyju á Hurðarbaki
þriðjudaginn 21. janúar nk. kl 20-22.
Mætum sem flestar með góða skapið í farteskinu.**

Frá Búnaðarfélagi Gaulverja

Gripa/hestakerra félagsins er nú staðsett hjá Stefán Geirssyni í Gerðum og er nánari upplýsingar um útleigu hennar að finna hjá honum í síma 867-6907.

Fræðslufundur um heimajarðgerð

Fræðslufundur um heimajarðgerð verður haldinn í Þingborg, miðvikudaginn 5. febrúar kl. 20. Fyrirlesari er Gunnþór Kristján Guðfinnsson, garðyrkjufraeðingur.

Tilvalið fyrir þá sem áhuga hafa á jarðgerð að kynna sér málin og komast af stað.

Hvað þarf að hafa í huga við heimajarðgerð og hver er ávinningurinn?

Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps

Kæru íbúar Flóahrepps núverandi og burtfluttir!

Tónleikar verða í Tré og list sunnudaginn 19. jan. nk. kl: 20:00. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Orgelið syngur
Ólafur Forsæti**

Glímufréttir

Æfingar verða með sama sniði og fyrir áramót, 1.-4. bekkur á mánudagskvöldum frá 19:30 til 20:30 og 5.-10. bekkur á þriðjudagskvöldum frá 19:30 til 21:00. Þjálfari er sem fyrr Stefán Geirsson og honum til aðstoðar er Sigurður Emilsson. Fyrsta æfing er mánudagskvöldið 6. janúar.

Úrslit af mótum

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri var haldið á Hvolsvelli laugardaginn 9. nóvember. Þjótandi átti þar tíu keppendur sem náðu góðum árangri.

Hnokkar 10 ára	7 kepp.	Vinn.
1. Sæþór Leó Helgason		6 Íslandsmeistari
6. Björgvin Guðni Sigurðsson		1
Stelpur 11 ára	3 kepp.	Vinn.
2. Ásrún Júlía Hansdóttir		3
Strákar 11 ára	3 kepp.	Vinn.
2. David Örn Sævarsson		2
Telpur 12 ára	4 kepp.	Vinn.
3. Svandís Aitken Sævarsdóttir		2
Strákar 12 ára	5 kepp.	Vinn.
3. Óskar Freyr Sigurðsson		2
5. Arnór Leví Sigmarsson		0
Stúlkur 13 ára	4 kepp.	Vinn.
2. Melkorka Álfðís Hjartardóttir		1,5
Piltar 13 ára	3 kepp.	Vinn.
1. Andreas Haraldur Ketel		4 Íslandsmeistari
Stelpur 14 ára	3 kepp.	Vinn.
1. Erlín Katla Hansdóttir		3,5 Íslandsmeistari

Fjórðungsglíma Suðurlands 2019 fór fram að Laugalandi í Holtum laugardaginn 14. desember. Þjótandafólk fjölmennti til leiks og náðu góðum úrslitum.

Hnátur 10 ára og y.	6 kepp.	Vinn.
4. Kristjana Ársól Stefánsdóttir		2
5. Ásgerður Saga Stefánsdóttir		1
6. Kristín María Sigurðardóttir		0
Hnokkar 10 ára og y.	7 kepp.	Vinn.
1. Sæþór Leó Helgason		5+2
5. Gísli Svavar Sigurðsson		2

6. Björgvin Guðni Sigurðsson	1
7. Axel Örn Sævarsson	0
Stelpur 11 ára	3 kepp.
3. Ásrún Júlía Hansdóttir	0
Telpur 12 ára	4 kepp.
1. Svandís Aitken Sævarsdóttir	3
2. Kamilla Hafdís Ketel	1,5
3. Ásdís Eva Magnúsdóttir	1
Strákar 12 ára	5 kepp.
5. Óskar Freyr Sigurðsson	0,5
Piltar 13 ára	2 kepp.
1. Andreas Haraldur Ketel	2

Messur í Hraungerðis- og Villingaholtskirkjum fram til vors

2. febrúar, síðasti sunnudagur eftir þrettánda / Kyndilmessa: Messa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30. Prestur: Guðbjörg Arnardóttir
8. mars. 2. sunnudagur í föstu: Messa í Villingaholtskirkju kl. 13:30 Prestur: Guðbjörg Arnardóttir.
12. apríl - páskadagur: Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11:00
13. apríl – annar páskadagur: 7 Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11:00
31. maí – Hvítasunnudagur Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30
1. júní – 2. hvítasunnudagur: Fermingarmessa í Villingaholtskirkju kl. 13:30

Frá Villingaholtskirkjugarði

Kærar þakkir til þeirra sem sáu sér fært að greiða fyrir að setja ljósakrossa í kirkjugarðinn. Þetta er okkur mikilvægur stuðningur til að geta haldið úti leiðislýsingu í kirkjugarðinum.

Gjaldkeri sóknarnefndar

Námskeið í skyndihjálpi

Námskeið í skyndihjálpi verður haldið í Félagslundi 11. janúar 2020 og hefst kl 9:00 árdegis. Námskeiðið er liður í endurmenntun atvinnubílstjóra.

Nánari upplýsingar hjá Helga í Súluholti í síma 892-9872

Pistillinn

Takk, elsku Sigrún, fyrir að skora á mig í pistilskrifum og hafa trú á Þjóðverjanum í þeim efnum.

Fyrir þá sem vita ekki hver ég er, þá heiti ég Mareike og er fædd og uppalin í Þýskalandi. Í dag bý ég á Fljótshólum og þegar ég lít til baka er ótrúlegt að það skuli vera liðin sextán ár síðan ég flutti til Íslands. Við fjölskyldan erum oft að skemmta okkur yfir því hvernig ég endaði á Fljótshólum á sínum tíma.

Ég hef alltaf verið á kafi í hestamennsku. Þegar ég sá sem ung stelpa fyrstu myndirnar af íslenskum hestum í hestablaði vaknaði áhuginn á Íslandi. Í kjölfar þess var það draumur minn í mörg ár að þegar ég yrði búin með stúdentsprófið, þá mundi ég fara til Íslands til að vinna þar á sveitabæ með hesta. Þegar ég var svo 19 ára, nýútskrifuð og í leit eftir vinnu á Íslandi til að láta drauminn rætast, var eina atvinnutilboðið sem ég fékk á sveitabæ fyrir sunnan, með mjólkurkúm og grænmetisræktun, aðallega gulrætur. Satt að segja var ég ekkert rosalega spennt. En það breytist allt eftir fyrsta símtal við Guðrúnu, sem er tengdamóðir mín í dag. Hún vissi alveg að ég var að leita eftir vinnu með hesta og var svo sniðug að nefna við mig að hún ætti einn hest sem ég gæti notað til að fara á bak þegar tími vannst til. Ég hugsaði með mér að einn hestur væri betri en enginn. Þó vinnan væri kannski ekki alveg það sem ég var búin að sjá fyrir mér, þá var dvöl á Íslandi búin að vera draumurinn í mörg ár. Þannig að ég sló til.

Þegar ég var komin á Fljótshóla í lok sumars og búin að vera í nokkrar vikur, þá tilkynnti Guðrún mér að það væri kominn tími til að ná í hestinn heim, svo hægt væri að járna hann og ég kæmist á bak. Hún rétti mér múl, útskýrði fyrir mér á hvaða túni merin stæði og endaði svo á því að nefna að hún væri aðeins feit, þannig að það ætti ekki að fara milli mála hvaða hest ég ætti að taka úr stóðinu. Þegar ég komst loks á áfangastað blasti við mér hestastóð og fremst stóð rauðblesótt meri og starði á mig. Já, það fór ekki milli mála hvaða hest ég átti að taka heim. Blesa var austfirskur gæðingur með háls jafn breiðan og þýskir dráttarhestar og eins feit og þrjú hross. Ég gat ekki annað en hlegið yfir, að þessi meri væri ástaðan fyrir því að ég var stódd á Íslandi. Til að byrja með fann ég hvorki gjörð né hnakk sem passaði á Blesu, þannig að ég reið berbakt til að byrja með. Með tímanum missti hún þó nokkur kíló í útreiðatúrunum okkar meðfram Þjórsá og við sjóinn. Þegar leið á veturinn var það ekki einungis Blesa sem mér fannst áhugaverð,

heldur einnig bóndasonurinn.

Í dag erum við Sturla gift og eigum fjögur börn saman. Við erum búin að taka við búskap á Fljótshólum, ræktum gulrætur og rófur, erum með mjólkurkúr, nokkrar kindur, hesta, hænur, svín á sumrin, hund og kött. Þó það hafi tekið mig nokkur ár að fatta að mig langaði að verða bóndi þegar ég yrði stór og þó það hafa komið tímar þar sem það er ansi krefjandi að vera langt í burtu frá fjölskyldunni í Þýskalandi, þá get ég sagt að ég er að vinna við draumastarfið mitt og vil hvergi annars staðar búa en hér á Íslandi - í landinu sem var búin að vera draumur í svo mörg ár, ánægð og þakklát fyrir lífið og tilveru. Blesa gamla er löngu farin til dýrafjarðar, en á heimilinu hangir mynd af henni.

Ég ætla að skora á góða vinkonu og nágrannakonu mína Írisi Grétarsdóttur í Krákumýri að skrifa næsta pistil.

Hafið það sem allra best.

Mareike Schacht

Hjónaball (Þorablót) í Félagslundi

Hið árlega hjónaball í Félagslundi verður haldið laugardagskvöldið 15. febrúar 2020. Nefndin er farin að stinga saman nefjum og aldrei að vita hvað kemur upp úr pottunum. Veisluþjónusta Suðurlands mun sjá til að enginn verði svangur. Hljómsveitin Næsland mun halda upp fjörinu fram eftir nóttu.

Húsið opnar kl. 20:00 og borðhald hefst kl. 20:30

Hægt er að panta miða hjá:

Guðbjörgu, í síma 486 3387 og 869 1182

Herdísi, í síma 486 3382 og 868 4277
og netfang seljatun@simnet.is

Miðapantanir þurfa að berast í síðasta lagi laugardaginn 8. febrúar



Nefndin

UPPSKRIFTARHORNID

Á mínu heimili er það eiginmaðurinn sem eldar oftast, ég á þó nokkra sérretti sem ég galdra fram og eru þeir oftast afsprengi tilraunaeldhúss þar sem hollustan er í fyrirrúmi. Þessir hollusturéttir hafa mælst misvel fyrir hjá heimilisfólkinu en nokkrir þeirra hafa lukkast afar vel og náð að festast í sessi á matseðli fjölskyldunnar. Einn þessara rétta er grænmetisbaka sem upphaflega kemur úr Disney-uppskriftarbók. Þessi baka verður aldrei eins því hún miðast við það grænmeti sem til er í ísskápnum hverju sinni og það sama á við um kryddið, hér má láta sköpunargáfuna njóta sín.

<p>Deig: 75 g smjör, mjúkt 150 g kotasæla 3 dl hveiti Smá salt</p>	<p>Ofninn er hitaður í 180 °C. Öllum hráefnum blandað saman í skál. Deiginu er svo þrýst vel út í eldfast mót, botninn á mótinu hulinn og hliðarnar ef hægt er.</p>
<p>Fylling: Blómkál (ca.200 g) Brokkolí (ca.200 g) Rauð paprika Rauðrófur 1-3 Laukur 2 hvítlausrif 1 mtsk ólífuolía 3 egg 2 ½ dl mjólk eða rjómi Salt og pipar 100 g rifinn ostur</p> <p>Gott að nota ferskar kryddjurtir ef þær fást t.d. basiliku eða rósmarín</p>	<p>Blómkál og brokkolí er skorið í bita og soðið ásamt smá salti í 5 mín. Rauðrófurnar skrældar, skornar í bita og soðnar í ca. 10 mín. Allt sigtað. Laukur og paprika skorin niður. Laukurinn er steiktur í olíu á pönnu, þegar hann er farin að mýkjast er paprikunni og hvítlauknum (skorinn smátt eða pressaður) bætt við. Brokkolí, blómkáli og rauðrófum er að lokum skellt á pönnuna og allt kryddað með salti og pipar. Helmingnum af rifna ostinum er dreift yfir bökubotninn, því næst er grænmetisblöndunni dreift yfir. Egg og mjólk er hrært saman í skál ásamt salti og pipar, blöndunni er hellt yfir grænmetið í eldfastamótinu og restinni af rifna ostinum stráð yfir. Bakan sett inn í ofn og bökuð í 40-45 mínútur, eða þar til hún er orðin gullin að lit.</p>

Bakan er borin fram með fetaosti og ristuðum fræjum. Ekki skemmir að hafa ferskt blaðsalat á kantinum.

Mig langar að skora á Ingu Dröfn á Lækjarbakka að koma með uppskrift í næstu Áveitu.

Íris Grétarsdóttir, Krákumýri

Aðalfundur Þjótanda

Aðalfundur Umf. Þjótanda mun fara fram þriðjudagskvöldið 28. janúar í Þingborg kl 20:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf auk verðlaunaafhendinga.

Fundurinn er frábær vettvangur til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og koma með hugmyndir um starf félagsins. Við minnum á að 16 ára og eldri eru kjörgengir á fundinum.

Ljóst er að breytingar verða á stjórn félagsins á fundinum og við hvetjum þá sem eru áhugasamir um að koma inn í stjórnina til að setja sig í samband við núverandi stjórnarmenn og gefa kost á sér. Starf stjórnarmanna í ungmenna-félaginu er skemmtilegt og með góðri verkaskiptingu þarf það ekki að vera mjög tímafrekt.

Við hvetjum líka sem flesta til að skrá sig í félagið fyrir fundinn, fjöldi skráðra félaga hefur áhrif á þær lottótekjur sem félagið fær og geta skipt sköpum fyrir rekstur félagsins. Þeir sem vilja skrá sig eða sín börn í Umf. Þjótanda geta sent póst á gudmunda89@gmail.com.

Stjórnin

Þorablót í Þjórsárveri

Þann 8. febrúar n.k. verður Þorablótið í Þjórsárveri árið 2020 haldið. Húsið opnar að venju kl. 20:30 og hefst borðhald kl. 21:00.

Hljómsveitin Næsland mun spila fyrir dansi og Veislupjónusta Suðurlands sér um veitingar.

Miðapantanir á heimir.bjarkason@icloud.com eða í sínum 860-1744 (Heimir), 659-8942 (Sigrún)

Við hvetjum alla til að panta sem fyrst, og í síðasta lagi 2. febrúar.

Miðaverð verður birt síðar.

Nefndin



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Úrslit af íþróttamótum

Áramót Fjölnis fór fram 30. desember í Laugardalshöll. Þjótandi átti einn keppanda á mótinu og hér er árangurinn hans:

Unnsteinn Reynisson	'03	Hástökk	1,75m	2. sæti
		Langstökk	5,55m	5. sæti

Áramót Selfoss fór fram 28. desember í íþróttahúsi Vallaskóla. Fjórir keppendur frá Þjótanda kepptu á mótinu.

Ágúst Þorsteinsson	'04	Hástökk	1,40m	6. sæti
		Hást. án atr.	1,10m	9. sæti
		Lang. án atr.	2,22m	12. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	'00	Hástökk	1,60m	3. sæti
		Lang. án atr.	2,54m	6. sæti
		Þrist. Án atr.	8,03m	4. sæti
		Kúlúv. (7,25)	10,62m	3. sæti
		Kúlúv. (6kg)	12,18m	1. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	Hást. án atr.	1,20m	8. sæti
		Lang. án atr.	2,48m	8. sæti
		Þrist. án atr.	7,02m	8. sæti
		Kúlúv. (7,26)	8,04m	7. sæti
		Kúlúv. (6kg)	8,92m	2. sæti
Elías Örn Jónsson	'03	Þrist. án atr.	6,48m	9. sæti
		Kúlúv. (5kg)	8,46m	3. sæti

Jólamót Selfoss fór fram 2. desember í íþróttahúsi Vallaskóla og Þjótandi átti þar einn keppanda.

Kristófer Máni Andrason	'10	Lang. án atr.	1,69m	2. sæti
		Kúlúv. (2kg)	4,90m	2. sæti
		Skutlukast	11,80m	1. sæti

Silfurleikar ÍR fóru fram 23. nóvember í Laugardalshöll. Þar átti Þjótandi einn keppanda.

Unnsteinn Reynisson	'03	Hástökk	1,74m	2. sæti
---------------------	-----	---------	-------	---------

Porrablót í Þingborg 2020



Hið bráðskemmtilega þorrablót Umf. Þjótanda og skemmtinefndar Hraungerðis- og Sandvíkurhreppa verður haldið í Þingborg laugardaginn 1. febrúar nk. Húsið opnar kl. 20:00 og hefst dagskrá kl. 20:30.

Við ætlum að breyta út af venju þetta árið. Hver gestur/fjölskylda/vinahópur kemur með það að borða sem hver og einn kys, hvort sem það er súrmatur eða annað. Víða er sú venja þar sem slíkt fyrirkomulag þekktist, kemur fólk með matinn í trogum en að sjálfsögðu hefur hver sinn mat í þeim ílátum sem hentar 😊. Boðið verður upp á heitan jafning, rófustöppu og kartöflumús. Við mælum sérstaklega með því að fjölskyldur eða vinahópar taki sig saman með mat. Veislustjóri verður Guðmundur Jóhannesson (Gummi í Hrygg). Þá verður slegið á léttu strengi að hætti skemmtinefndar og rifjuð upp ýmis afrek nýliðins árs. Hljómsveitin Meginstreymi úr Borgarfirðinum mun svo sjá um að svala dansþyrstum fram á nótt.

Miðapantanir berist í síðasta lagi sunnudaginn 26. janúar á netfangið thorrablotthingborg@gmail.com eða í síma 867-3538 (Baldur Gauti). Ef sérstakar óskir eru um borðfélag þarf að taka það fram. Miðaverð auglýst síðar.

Sækja skal pantaða miða þriðjudag 28. janúar frá kl. 19:00 – 21:00, föstudaginn 31. janúar frá kl. 19:00 – 21:00 eða laugardaginn 1. febrúar frá kl. 11:00 – 14:00 í Þingborg. Eða eftir nánari samkomulagi þegar pantað er.

ATHUGIÐ.

Við reiknum með að bjóða uppá rútu heim af blóti. Myndu þá verða reglulegar rútuferðir frá Þingborg svipað og verið hefur síðustu ár og verður það innifalið í miðaverði.

Geymið auglýsinguna og fylgist vel með okkur á facebook undir nafninu *Þorrablót í Þingborg 2020*.

Góða skemmtun!
Þorrablótsdeild Umf. Þjótanda og skemmtinefndin

Íþróttæfingar á nýju ári

Í janúar verða gerðar breytingar á íþróttæfingum Umf. Þjótanda í Þingborg. Örvar Rafn Hlíðdal tekur aftur við öllum hópum og æfingartímar verða sem hér segir:

- 2.-3. bekkur föstudagar kl 12:30-13:30
- 4.-6. bekkur miðvikudagar kl. 14:30-15:30
- 7.-10. bekkur mánudagar kl. 16:00-17:30

Eins og sérst færirst 4.-6. bekkur yfir á miðvikudaga en aðrar tímasetningar eru óbreyttar. Sem fyrr eru fá laus pláss í skólabílum til þess að fá að sitja í upp í Þingborg en vonandi halda foreldrar áfram að vera duglegir við að skiptast á að keyra krakkana á þessar æfingar.

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing og íþróttæfing	6. janúar
Glímuæfing eldri	7. janúar
Æfing Þingborg	8. janúar
Þrettándagleði í Félagslundi	10. janúar
Námskeið í skyndihjálpi	11. janúar
Héraðsmót í frjálsum	12. janúar
Glímuæfing og íþróttæfing	13. janúar
Glímuæfing eldri	14. janúar
Æfing Þingborg	15. janúar
Tónleikar í Tré og list	19. janúar
Glímuæfing og íþróttæfing	20. janúar
Glímuæfing eldri	21. janúar
Gaman saman Kvenfélag Villingah.hr	21. janúar
Æfing í Þingborg	22. janúar
Glímuæfing og íþróttæfing	27. janúar
Glímuæfing eldri	28. janúar
Aðalfundur Þjótanda	28. janúar
Æfing í Þingborg	29. janúar
Þorrablót í Þingborg	1. febrúar
Messa í Hraungerðiskirkju	2. febrúar
Fræðslufundur um heimajarðgerð	5. febrúar